

FUNDARGERÐ

Hluthafafundar Eikar fasteignafélags hf.

Föstudaginn 25. janúar 2019, kl. 16.00, var haldinn hluthafafundur hjá Eik fasteignafélagi hf. í fundarsal Kjarvalsstaða, Flókagötu 24, 105 Reykjavík.

Á fundinn var mætt fyrir hönd hluthafa er fara með 29,15% hlutfjár í félaginu.

Fundurinn hófst með því að formaður stjórnar bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Lagt var til að Pétur Guðmundarson, lögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og að Halldór Karl Halldórsson, lögmaður, yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarboðunar og staðfesti að hún hefði verið í samræmi við samþykktir félagsins og upplýsti jafnframt að mætt væri fyrir 29,15% hlutfjár og því teldist fundurinn lögmatetur og bær til þess að afgreiða þá tillögu sem fyrir honum lá.

Meðal fundargagna voru upplýsingar um einstaklinga í framboði til tilnefningarnefndar.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Fyrir fundinum lá tillaga um að kjósa nefndarmenn í tilnefningarnefnd. Fundarstjóri upplýsti að eftirfarandi einstaklingar hefðu tilkynnt skriflega um framboð sitt til tilnefningarnefndar:

Drífa Sigurðardóttir, kt. 130766-4719, Eskihlíð 18, 105 Reykjavík,
Ingólfur Hreiðar Bender, kt. 130867-4569, Hólahjalla 19, 200 Kópavogi,
Kristján Óli Níels Sigmundsson, kt. 141291-2899, Njarðvíkurbraut 23, 260 Reykjanesbæ.

Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar skulu hluthafar kjósa í tvö nefndarsæti en stjórn skal skipa í eitt nefndarsæti. Hluthafar skulu kjósa karl í annað nefndarsætið og konu í hitt nefndarsætið. Fundarstjóri upplýsti að Drífa Sigurðardóttir væri því sjálfkjörin í tilnefningarnefnd. Eftir stóð að kjósa í hitt nefndarsætið.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa. Niðurstaða atkvæðagreiðslu var á þann veg að 99,998% kusu Ingólf Bender og 0,002% kusu Kristján Óla Níels Sigmundsson. Þannig var Ingólfur Bender kosinn í hitt nefndarsætið með þeim atkvæðafjölda sem greinir hér að ofan.

2. Önnur mál

Önnur mál voru ekki rædd.

Fundargerðin var upp lesin. Engar athugasemdir bárust.

Að því loknu var fundi slitið kl. 16:15.

Þannig farið fram.



Pétur Guðmundarson, lögmaður, fundarstjóri

Halldór Karl Halldórsson
héraðsdómslögmaður
kt. 2012/2-4099

Halldór Karl Halldórsson, lögmaður, fundarritari